

Íþróttá- og tómslundanefnd - 164 (14.1.2013)

Málsnúmer :
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 14.01.2013

Inngangur : Bæjarráð vísar hugmyndum um að leggja niður íþróttá- og tómslundanefnd til fjölskylduráðs, íþróttá- og tómslundanefndar, ÍBH og ungmennaráðs.

Niðurstaða : Meirhluti Íþróttá- og tómslundanefndar er alfarið á móti þeirri hugmynd að leggja niður íþróttá- og tómslundanefnd. Með vísan til íþróttalaga nr. 64. frá 18.06.98 varðandi skyldur sveitarfélaga um að hafa samstarf um íþróttamálefni við íþróttahreyfinguna og umfang málaflokksins væri nær að sveitarfélagið gerði honum hærra undir höfði en nú er í stjórnsýslunni. Samkvæmt æskulýðslögum 5. kafla 11. grein frá 2007 skal sveitastjórn hafa starfandi æskulýðsnefndir og tryggja að ungmennaráð starfi. Það fyrirkomulag sem nú er í gangi tryggir aðgang íþróttahreyfingarinnar, ungmennaráðs og foreldrafélögum bæjarins að umræðum og ákvörðunum varðandi áherslur Hafnarfjarðarbæjar í málefnum sem tengjast íþróttum, forvörnum og tómslundum. ÍTH nefndin ber ábyrgð á mikilvægum málaflokkum í Hafnarfirði og hefur fátt bent til þess að nefndin hafi ekki sinnt því verkefni vel og á skilvirkan hátt án mikils kostnaðar. ÍTH hefur auk þess haft frumkvæði að því að innleiða mörg verkefni bæði stór og smá í íþróttá og æskulýðsmálum sem mörg sveitarfélög í hringum okkur hafa litið til. Með fluttingi ÍTH yfir til fjölskylduráðs er hætt á að mörg þessara verkefna eða málefna fái litla efnislega umfjöllun og þjónustuþegar nefndarinnar eins og unga fólkið, foreldrar í foreldrafélögum og hin fjölmörgu íþróttafélög sem eru undir hatti ÍBH hefðu litla aðkomu að umfjöllun mála í ráðum bæjarins.